

Alþingi
Erindi nr. P 141/1389
komudagur 7.2.2013

Nefndarsvið alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík 7. febrúar 2013

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um náttúrvernd, 429. mál.

Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) hafa farið yfir frumvarp til náttúruverndarlaga og hafa eftirfarandi athugasemdir:

Samráð við hagsmunaaðila og almenning

Samtökin fara fram á að atvinnulífið eigi fulltrúa í ráðgjafanefnd náttúruminjaskrár og fagraði náttúruminjaskrár enda eru hagsmunir atvinnulífsins gríðarlegir þegar kemur að íhlutun um verndun vistgerða og vistkerfa. Í lið nr. 7 varðandi helstu breytingar við frumvarpið kemur fram að gert sé ráð fyrir auknu samráði við hagsmunaaðila og almenning við gerð áætlana. Í lögnum sjálfum er hins vegar aðeins gert ráð fyrir einhverskonar samráði við hagsmunaaðila í 32. gr. „kortagrunnur um vegi og vegslóða“ og 81. gr. „umsýsluáætlun“. Einnig kemur fram í lögnum að hagsmunaaðilum er gefinn kostur á að skila athugasemdum við tillögur að endurskoðaðri náttúruminjaskrá. Boðað samráð er því ekki mikið og virðist helst eiga sér stað á milli ráðherra og embættismanna.

Almannaréttur

Samtökin fagna markmiði laganna skv. 1. gr. og 19. gr. um að tryggja rétt almennings til að fara um landið og njóta náttúrunnar ásamt skýru ákvæði í 29. gr. um að Umhverfisstofnun sé falið að hafa milligöngu um úrlausn mála telji ferðamenn og ferðaskipuleggjendur á sér brotið. *SAF áréttar þó mikilvægi frelsis einstaklinga og hópa í ferðum um landið ásamt mikilvægi þess að ekki sé gerður greinamunur á almennum ferðamönnum og ferðum í atvinnuskyni hvort sem um er að ræða einstaklinga eða hópa.*

Það er mat SAF að ákvæði 24. gr. – 1. mgr. um samráð landeiganda og ferðaþjónustuaðila geti fallið brott. Það er sjálfsögð skylda allra ferðamanna að ganga vel um náttúruna hvort sem það er í atvinnuskyni eða ekki enda kemur sú skylda skýrt fram í 18. gr laganna.

Rökin fyrir því eru eftirfarandi:

- Aðgengi að eigendum er ekki alltaf augljós, sbr. upplýsingar um eiganda eða eigendur.
- Ósjaldan eru eigendurnir fleiri en einn og í þeim tilfellum verður málið flóknara, sér í lagi ef eigendur eru ekki sammála um aðgerðir.
- Ekki er sjálfgefið að auðvelt sé að ná sambandi við eigandann/tengiliðinn.
- Ákvæðið felur í sér mismunun á milli hópa, þ.e. annar skilgreindur sem hópur á vegum fyrirtækis í atvinnustarfsemi og hinn hópurinn á vegum ferðafélags sem telst ekki til atvinnustarfsemi.
- Ákvæðið getur hamlað hugmyndaauðgi leiðsögumanna sem vilja ákveða leiðaval með skömmum fyrirvara.

Í 2. mgr. 24 gr. laganna er kveðið á um að eftir því sem við verður komið skuli tjalda á skipulögðum tjaldstæðum. SAF leggja til að þessu ákvæði verði bætt við 23. grein og því óþarfi í 24. gr. Með þessarri breytingu fellur 24 gr. út úr lögnum í núverandi mynd.

Samtök ferðaþjónustunnar telja heimildir til takmarkana og lokunar á umferð um svæði skv. 25. gr. mjög opnar. Samtökin telja nauðsynlegt að samráð skuli haft við alla hagsmunaaðila þ.m.t þá sem skipuleggja ferðir um viðkomandi svæði þurfi að koma til takmörkunar eða lokunar svæða.

Utanvegaakstur

Samtök ferðaþjónustunnar eru fylgjandi banni við akstri utan vega svo lengi sem fullkominn kortagrunnur með skýrum skilgreiningum og mögulegum hringleiðum á slóðum um allt land liggur fyrir. Samtökin telja að gerð kortagrunns á forræði opinberrar stofnunar eins Landmælinga er forsenda fyrir ferðamennsku og náttúruvernd á Íslandi. ***Samtökin fagna ákvæði um samráð í 32. gr. frumvarpsins og áréttu mikilvægi samráðs við hagsmunahópa í vinnu við kortagrunn.***

Samtök ferðaþjónustunnar vilja áréttu mikilvægi skipulags fyrir landið í heild og telja að það þurfi að koma skýrt fram í lögum um náttúruvernd að þróun og hönnun mannvirkja falli sem best að svipmóti lands og náttúru.

Samtök ferðaþjónustunnar áskilja sér rétt til að koma með frekari umsagnir um frumvarpið sem hér eru til umræðu í meðförum alþingis.

Virðingarfyllst



Gunnar Valur Sveinsson
Samtök ferðaþjónustunnar